

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 144

8. desember 2025

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans og á fjarfundi mánudaginn 8. desember 2025 kl. 8:30. Mætt eru: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi H. Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Flosi H. Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar frá fundi nr. 143 og því samþykkt án athugasemda.

2. Fjárhagsáætlun 2026-2028 lögð fram

Lögð var fram fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára. Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlanirnar. Fjárhagsáætlanir fyrir árin 2026 – 2028 voru bornar undir fundinn til samþykktar ásamt neðan greindum viðauka.

Í tekjuhlíð fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að við samþykkt fjárlaga verði tekið tillit til þeirrar raunaukningar nemendaígilda sem hefur átt sér stað hjá MB.

Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun voru samþykktar samhljóða.

3. Skólaþróun MB

Skólameistari kynnti þá vinnu sem fram hefur farið síðustu mánuði vegna frekari skólaþróunar, neðangreind bókun var samþykkt samhljóða:

„Eftir yfirferð á stöðu Menntaskóla Borgarfjarðar, greiningu á þróun nemendafjölda á upptökusvæði skólans, aðstöðu, mannafla og framtíðartækifærum á svæðinu er ljóst að næstu misseri eru ekki forsendur til að hefja nýja námsleið í iðn- eða starfsnámi. Efla þarf núverandi námsleiðir enn frekar og styðja áfram við fjölbreytt námsval nemenda.”

4. Undirbúningur markaðsstarfs

Skólameistari fór yfir áætlun um markaðsstarf fyrir næsta starfsár, kynningarstarf skólans, auglýsinga- og myndbandagerð o.fl.

5. Skólastarfið

Skólameistari kynnti fyrir stjórn skólastarf undanfarinna mánaða og það sem er á döfinni á vorönn.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

Fleira var ekki gert, og fundi slitið klukkan 10:00.